

Miðvikudaginn 10. jan. 1923.

Nr. 45/1922.

Ragnhildur Sigurðardóttir.

(Björn P. Kalman)

gegn

Andreu Filippusdóttur.

(Enginn).

Skemdir á reykhað við niðurrif nágrannareykhaðs.

Dómur aukarjettar Ísafjarðarkaupstaðar
31. mars 1922:

Framangreint lögbann verður eigi staðfest. Stefnandi, frú Ragnhildur Sigurðardóttir, greiði stefndu, frú Andreu Filippusdóttur, 150 krónur í skaðabætur og 50 krónur í málskostnað.

Dóminum að fullnægja innan 15 daga frá löglegri birtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstarjettar.

Mál þetta hefir verið rekið skriflega fyrir hæstarjetti samkv. 1. lið 38. greinar hæstarjettarlaganna.

Málið var vettvangsmál í hjeraði, en þar sem með þessi mál á að fara eins og með landamerkmál og það hefir verið ófrávikjanleg rjettarfarsregla, að dómarar skuli eiðfestir sbr. t.d. 5. gr. laga nr. 35/1914, en það sjest ekki að meðdómararnir í þessu máli hafi verið eiðfestir, þá verður eigi komist hjá ex officio að ómerkja dóminn og vísa málinu, samkv. kröfu áfrýjanda, heim til löglegri meðferðar.

Samkv. þessum úrslitum verður stefnda að greiða áfrýjanda málskostnað fyrir hæstarjetti og ákveðst hann 100 kr.

Því dæmist rjett vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur og og vísast málinu heim til löglegri meðferðar.

Stefnda Andrea Filippusdóttir greiði áfrýjanda, Ragnhildi Sigurðardóttur, 100 króna málskostnað fyrir hæstarjetti, að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Með brjefi dags. 26. septbr. 1921 tilkynnti stefnandi þessa máls, frú Ragnhildur Sigurðardóttir, hjer í bænnum, fógeta, að verið væri að rífa niður skorstein í húsi hennar, nr. 22 við Aðalstræti, hjer, og að fyrir því rjeði stefnda, frú Andrea Filippusdóttir, til heimilis hjer í bænnum, en stefnda á sambygt hús umræddu húsi stefnanda. Krafðist stefnandi þess, að fógeti yrði sjer fylgjandi að því að leggja lögbann á, að stefnda eða nokkur fyrir hennar hönd hreyfði við nefndum skorsteini. Daginn eftir lagði fógeti lögbann á, að stefnda hreyfði við nefndum skorsteini, eða ljeti gjöra það fyrir sig, enda hafði stefnandi sett tryggingu fyrir afleiðingum gjörðarinnar.

Með stefnu útgefinni 4. október f. á. hefir stefnandi höfðað mál þetta fyrir aukarjetti Ísafjarðar, og krafist þess, að tjeð lögbannsgjörð verði staðfest sem löglega gjörð og rjettlætt, að stefnda verði dæmd til að setja skorsteininn í húsi stefnanda, nr. 22 við Aðalstræti, að viðlögðum dagsektum, í sama ástand, sem hann var í 26. septbr. f. á., en þann dag hafi stefnda látið rífa bakhlíð hans niður, að stefnda verði dæmd til að greiða 1000 kr. í skaðabætur fyrir spjöll og skemdir á greindri húseign vegna niðurrífs skorsteinsins, og að stefnda verði dæmd til að greiða málskostnað að skaðlausu.

Stefnda krefst þess aftur á móti, að lögbannið verði eigi staðfest, að henni verði tildæmdur málskostnaður eftir mati rjettarins, og að henni verði tildæmdar skaðabætur fyrir lögbannsgjörðina.

Eins og áður segir, er hús aðilja sambygt, þannig, að stefnandi á norðurpartinn en stefnda suðurpartinn. Um takmörk suðurparts við norðurpart segir í kaupbrjefi stefndu, dags. 21. desember 1864. að þau sjeu „uppi og niðri eins og nyrðri brún skorsteinsins ræður“, og þar sem stefnandi hefir eigi lagt fram sitt kaupbrjef eða á annan hátt vefengt brjefið, verða takmörk milli syðri og norður parts að miðast við „norðurbrún skorsteinsins“.

Í málinu er engin þræta um það, að skorsteinnian í hús-

hluta stefndu er eldri en skorsteinninn í norðurhluta þess, heldur eigi um það, að skorsteinninn í norðurhluta er byggður við suður-skorsteininn. En þrætan er um það, hvort stefnda, er reif skorstein sinn og byggði nýjan í staðinn, hafi um leið rifið bakhlíðina, það er að segja suðurhlíðina í skorsteini stefnanda. Það er nú viðurkennt í málinu, að þá er stefnda reif niður skorstein sinn, kom gat mikið á skorstein stefnanda á allri neðri hæðinni. En við skoðun dómenda á þrætustaðnum sáust greinileg merki þess, að skorsteinn stefnanda hafði verið byggður þannig við skorstein stefnda, að norðurhlíð hans var jafnframt notuð sem suðurhlíð norðurskorsteinsins, þannig, að hliðar hans voru bundnar við suðurskorsteininn með steinlímdum múrsteinum, er greyptir höfðu verið inn í suðurskorsteininn kringum tvær tommur. Þegar því stefnda reif skorstein sinn, opnaðist suðurhlíð nyrðri skorsteinsins á neðri hæðinni, eins og áður segir. En er upp fyrir neðri hæð er komið, skiljast skorsteinarnir og halda sjer úr því hvor um sig, enda var þar beygja allmikil á suðurskorsteininum til suðurs, er norðurskorsteinninn reyndar fylgir að nokkru leyti.

Það er einnig viðurkennt í málinu, að skorsteinn stefndu var orðinn ónýtur, og að henni af brunamálastjóra bæjarins hafði verið skipað að byggja nýjan skorstein. Stefnda var því knúð til að rífa gamla skorsteininn, og með því að ekkert er upplýst í málinu um það, að við byggingu norðurskorsteinsins hafi lagst sú kvöð á eiganda suðurskorsteinsins, að hann mætti eigi rífa niður nema með samþykki eiganda norðurskorsteinsins, verður eigi álit- ið, að stefndu hafi brostið heimild til að rífa skorstein sinn eins og hún gerði, eða ætlaði að gera.

Með því nú að lögbannið byggist á því, að gengið hafi verið á rjett stefnanda of hálfu stefndu, að því leyti sem hún hafi rifið niður nokkurn hluta af skorsteini hennar (stefnanda), þá er þetta samkvæmt framansögðu eigi á rökum byggt, og ber því að telja lögbannið ólöglegt og synja um staðfesting þess; svo ber og að sýkna stefndu af hinum öðrum rjettarkröfum stefnanda í málinu.

Eftir þessum úrslitum kemst stefnandi eigi hjá því, að greiða stefndu skaðabætur fyrir miska og óþægindi við hina ólög- legu lögbannsgjörð, er ákveðst 150 krónur. Svo ber og stefnanda að greiða stefndu málskostnað, er ákveðst 50 krónur.